

Alþingi
Erindi nr. P 139/2428
komudagur 13.5.2011

Reykjavík 13. maí 2011

Menntamálanefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

651. maí

Umsögn um frumvarp til Laga um menningarminjar, lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-11

Námsbraut í fornleifafræði hefur fjallað um frumvarp til Laga um menningarminjar sem nú liggur fyrir Alþingi og gerir við það eftirfarandi athugasemdir:

- 1) Í frumvarpinu birtist hæpin afstaða til rannsókna, rannsóknarstefnu og þarfar ríkisvaldsins til að hlutast til um og takmarka rannsóknir sem gerðar eru í vísindaskyni. Við teljum að allar hömlur sem settar eru á frjálsar vísindarannsóknir þurfi að vera mjög vel ígrundaðar og byggja á vel skilgreindum sjónarmiðum en þar hefur orðið brotalöm í samningu frumvarpsins. Flestar athugasemda okkar um einstakar greinar hér að neðan snúast um þetta atriði.
- 2) Þær hugmyndafræðilegu áherslur sem liggja til grundvallar ákvæðum frumvarpsins um fornleifar og menningararf eru æði fornfálegar. Viðhorfa sem teljast viðtekin í flestum nágrannalöndum okkar sér þar hvergi stað. Sem dæmi má nefna að í engu er hróflað við þeirri tvískiptingu menningararfsins í jarðfastar fornleifar og gripi sem einkennt hefur löggjöf um þennan málaflokk allt frá fyrstu þjóðminjalögunum 1907. Nútímalegra viðhorf væri að líta á menningararfinn sem hluta af landsháttum og umhverfi; verndun án samhengis er lítils virði. Lítið fer fyrir því mikilvæga viðhorfi að menningararfurinn sé auðlind í nútímanum; að hann sé hluti af umhverfi okkar og daglegu lífi og hafi gildi sem slíkur en ekki bara sem forvitnileg fyrirbæri í glerkassa á safni.
- 3) Við teljum að eðlilegra sé að Námsbraut í fornleifafræði við Háskóla Íslands tilnefni fulltrúa í Fornminjanefnd en Félag norrænna forvarða – Íslandsdeild (8. gr). Miðað við verkefni nefndarinnar er full þörf á a.m.k. einum fulltrúa vísindalegra sjónarmiða í henni.
- 4) Fornleifasjóður hefur verið lífæð vísindalegra rannsókna í fornleifafræði á Íslandi undanfarin ár en ljóst er að nýr Fornminjasjóður á að hafa mun viðtækara hlutverk.

Hætt er því við að stuðningur við vísindarannsóknir dragist saman eða hverfi með öllu sem væri stórskaði fyrir íslenska fornleifafræði jafnt sem íslenska menningu.

- 5) Við söknum þess að hvergi í frumvarpinu (né öðrum frumvörpum um söfn og menningarminjar sem nú liggja fyrir þinginu) er gert ráð fyrir stuðningi ríkisvaldsins við grunnrannsóknir í fornleifafræði. Slikar rannsóknir ættu að vera sjálfsagt metnaðarmál hjá menningarþjóð en þær eru líka forsenda fyrir skilvirkri minjavernd.
- 6) Við teljum að tímabært sé að endurskoða fyrirkomulag leyfisveitinga til fornleifauppgrafa. Krefjast ætti meistaraprófs hið minnsta en til viðbótar væri eðlilegt að stjórnendur fornleifauppgrafa hefðu aflað sér starfsréttinda sem byggðu á formlegu mati á færni þeirra og hæfni, en með því móti mætti einfalda leyfisveitingakerfið til muna auk þess sem fagleg gæði væru með því betur tryggð en í núverandi kerfi.

Athugasemdir við einstakar greinar:

3. gr. Hin nýja regla um að miða við árið 1900 er ekki rökrétt og algerlega á skjön við þróun síðustu 15 ára í minjavernd í nágrannalöndum okkar. Rökin sem færð eru með þessari breytingu í athugasemdum (um fjöldaframleiðslu) lýsa djúpri vanþekkingu á þróun atvinnuhátta. Það skýtur skökku við að taka slíkt skref afturábak á sama tíma og 100 ára reglan er nú innleidd um standandi byggingar (gr. 29) þar sem áður var miðað við ártalið 1918. Þessi hugmynd um að miða við tiltekið ártal endurspeglar því miður þann skort á faglegu mati sem liggur til grundvallar íslenskri minjavernd eins og hún birtist í frumvarpinu. Menningarminjar fá ekki gildi bara vegna aldurs; stundum eru minjar frá miðri 20 öld meira virði en túngarður frá 13. öld. Til þess að meta gildið þarf hinsvegar traustan fræðilegan grundvöll og það er augljóst að hann vantar. Við teljum að frekar ætti að leggja áherslu á að þróa aðferðir til að leggja mat á gildi menningarminja sem gerðu Minjastofnun kleift að taka upplýstar og skynsamlegar ákvarðanir um hvern stað og hvern flokk minja fremur en að binda sig við einfeldningslegar skilgreiningar sem geta gengið þvert á fagleg rök í hverju tilviki fyrir sig; verndað minjar sem ekki er nauðsynlegt að vernda en leyft verðmætum að verða eyðileggingu að bráð. Rannsóknargildi menningarminja er einn af þeim þáttum sem þarf að taka tillit til við mat á verðmæti þeirra.

6. gr. Þessi skilgreining er í sjálfu sér rökrétt en við teljum að það sé ekki nauðsynlegt að hafa hana enda eigi Minjastofnun ekki að hlutast til um fornleifarannsóknir almennt sbr.

athugasemdir við gr. 8, 11, og 36

8. gr. 1. mgr. Við leggjum til að í stað „Félag norrænna forvarða – Íslandsdeild“ komi „Námsbraut í fornleifafræði við Háskóla Íslands“

8. gr. liður a. Eðlilegt er að Minjastofnun hafi sína eigin stefnumörkun um fornleifarannsóknir og að Fornminjanefnd sé henni til aðstoðar við mótun hennar en ákv. mætti skilja þannig að nefnd og stofnun ættu í sameiningu að vinna að stefnumörkun fyrir fornleifarannsóknir almennt. Það virðist hvorki raunhæft né nauðsynlegt í ljósi þess að íslenskar fornleifarannsóknir eru að minnstum hluta reknar af ríkisvaldinu.

11. gr. liður g. Það er óþarft og óraunhæft að Minjastofnun hafi „eftirlit með fornleifarannsóknnum í landinu.“ Við leggjum til að seinni hluta liðarins verði sleppt (frá „með sér.“) eða að „fornleifarannsóknnum í landinu“ verði breytt í „slíkum rannsóknnum.“

12. gr. Við teljum nauðsynlegt að forstöðumaður Minjastofnunar skuli hafa framhaldsmenntun á háskólastigi.

13. gr. Starfssvið minjavarðar krefst þess að hann hafi lokið prófi í fornleifafræði og æskilegt að hann hafi lokið meistaraprófi hið minnsta eða aflað sér starfsþekkingar sem talist getur ígildi þess. Við teljum því brýnt að undirstrikað verði í lögnum að minjaverðir skuli hafa lokið framhaldsmenntun í greininni.

36. gr. 1. mgr. Þessi krafa er óraunhæf og ónauðsynleg. Fornleifarannsóknir skv. skilgreiningu 6. gr. geta verið margskonar verkefni áhugafólks, nemenda og vísindamanna sem engin hættu stafar af og engin ástæða er fyrir hið opinbera að hlutast til um. Erfitt er að sjá hvaða tilgangi slík tilkynningaskylda á að þjóna en hún myndi verða mjög íþyngjandi fyrir fræðastarf á þessu sviði ef henni væri fylgt eins og orðin hljóða og það yrði meiriháttar starf fyrir Minjastofnun að halda utan um allar þær upplýsingar. Tilkynningar um fornleifarannsóknir sem hafa jarðrask í för með sér og um fornleifaskráningar gerast skv. 2. mgr. þessarar gr. og skv. 15. gr. 5. mgr. og engin nauðsyn að bæta við þær ráðstafanir.

39. gr. Við mótmælum því harðlega að það geti verið stefna íslenskra stjórnvalda að rannsaka ekki þær fornleifar sem mest ástæða þykir til að varðveita. Þessi gr. byggir á andvísindalegu viðhorfi sem Íslendingar geta ekki verið þekktir fyrir að leiða í lög. Minjastofnun hefur öll úrræði í hendi sér til að takmarka uppgrafterleyfi á friðlýstum stöðum eins og henni sýnist og þarf ekki á svona lagaákvæði að halda.

40. gr. Í 1. mgr. er gerð krafa um skil á fornleifum innan árs frá fundi þeirra en í 3. mgr er miðað við ársfrest frá lokum verkefnis. Seinni reglan er eðlilegri en ómögulegt að hafa tvær andstæðar.


Steinunn Kristjánsdóttir, námsbrautarformaður


Gavin Lucas


Orri Vésteinnsson